

Aðalfundur FÁSES 2019

21. september 2019 – Salur Samtakanna 78, Suðurgötu 3 Reykjavík

Mætt: Laufey Helga Guðmundsdóttir, Kristín H. Kristjánsdóttir, Eyrún Ellý Valsdóttir, Kristján Jóhann Pétursson, Guðmundur Már Ingimarsson, Konráð Valsson, Ástríður Margrét Eymundsdóttir, Bryndís Baldvinsdóttir, Jóna Dögg Smáradóttir, Eva Dögg Benediksdóttir, Freyja Sif Stefánsdóttir, Steinunn Björk Bragadóttir, Gísli Ólason Kærnested, Árný Eggertsdóttir, Sunna Mímisdóttir, Heiður Sigmarsdóttir, Sólrún Ásta Steinsdóttir, Ísak Pálmason og Halla Ingvarsdóttir.

Fundur var settur kl. 15:05.

Kosning fundarstjóra og fundarritara.

Laufey Helga Guðmundsdóttir, ritari FÁSES, bauð fundargesti velkomna í fjarveru Flosa Jóns Ófeigssonar, formanns. Hún lagði til að Sunna Mímisdóttir yrði kosin fundarstjóri og var það samþykkt. Sunna tók við stjórn fundarins. Fundarstjóri lagði til að Halla Ingvarsdóttir yrði kosin fundarritari og var það samþykkt.

Skýrsla stjórnar kynnt og tekin til umræðu.

Fundarstjóri útskýrir að formaður FÁSES, Flosi Jón Ófeigsson, hafi ekki átt heimangengt á aðalfund. Þar sem ritari gegnir störfum formanns í fjarveru hans býður fundarstjóri Laufeyju Helgu Guðmundsdóttur, ritara FÁSES í pontu til að fara yfir skýrslu stjórnar. Starfsárið var viðburðarríkt eins og ávallt og haldnir voru 18 viðburðir á vegum FÁSES, m.a. tvö Eurovision barsvör, viðburðir á vegum norðandeildar FÁSES, Eurovision bingó, Eurovision karaoke, Júró-Stíklur, partý í kringum Söngvakeppnina og svo mætti lengi telja. Alls greiddu 240 félagsmenn félagsgjöld fyrir starfsárið sem heldur minna en undanfarin ár en það skýrist að mestu leyti af staðsetningu Eurovision 2020. Fréttabréf FÁSES var gefið út þegar nær dró keppni í Tel Aviv og öflugri umfjöllun var haldið út á FÁSES.is. Innleidd voru ný félagsskírteini í gegnum OGAE International, Cardskipper. Starfsárinu lauk síðan með því að Hatari tók 10. sætið í Tel Aviv.

Eftir yfirferðina opnaði fundarstjóri fyrir spurningar úr sal. Guðmundur Már Ingimarsson spurði hvort félagsmönnum hafi fækkað. Laufey sagði nýja félagsmenn 20-30 núna. Mikil aukning var fyrir Eurovision 2018, mun minni í fyrra en nú er félögum aftur að fjölga í FÁSES. Skýringar á fjölgun og fækkunum snýr ekki síst að því hvar næsta keppni er haldin. Stjórninni var hrósað fyrir vel unnin störf og einnig þeim sem hafa verið að skrifa fyrir FÁSES.IS.

Reikningar félagsins kynntir, teknir til umræðu og kosninga.

Fundarstjóri býður Ísaki Pálmasynti, gjaldkera, í pontu til að kynna reikninga félagsins. Ísak fer yfir reikningana og skoðun skoðunarmanna á þeim.

Hagnaður af rekstri félagsins var 150.792 krónur fyrir reikningsárið 2018-19 samanborið við 192.969 krónu tap reikningsárið 2017-18. Þrátt fyrir að töluvert færri hafi greitt félagsgjöld á árinu en árið í fyrra var viðsnúningur í afkomu félagsins. Það skýrist helst af ódýrari viðburðum á tímabilinu og að fyrra árið var fjárfest í fánum og tækjum sem hægt var að nota aftur árið 2018-19. Þjónustugjald af innheimtupjónustu var töluvert hærra á reikningsárinu en fyrra ár þar sem margir greiddu ekki kröfur í bankanum sem voru stofnaðar. Af þeim sökum þurfti að fella margar kröfur niður og greiða fyrir kostnað við birtingu og niðurfellingu. Þess vegna stóð þóknun af kröfum í ár ekki undir kostnaði við að stofna kröfurnar eins og verið hefur. Póstburðargjöld fyrir fréttabréfið voru lægri þar sem færri sóttust eftir því að fá sitt eintak af fréttablaðinu sent í pósti. Á árinu hóf OGAE International útgáfu rafrænna félagsskírteina fyrir snjallsíma í forriti sem heitir Cardskipper. Árgjöld til OGAE International vegna útgáfu félagsskírteina hækkuðu á milli ára og þarf nú að greiða fyrir endurnýjun hvers skírteinis á hverju ári í staðinn fyrir að áður þurfti aðeins að greiða fyrir prentun skírteinis í byrjun og svo fyrir límmiða með gildistíma við endurnýjun. Gera má ráð fyrir að kostnaður vegna OGAE

International muni í framtíðinni aukast vegna þess að greiða þarf fullt verð fyrir endurnýjun skírteinis á hverju ári. Skuld við gjaldkera vegna útlagðs kostnaðar á reikningsárinu 2017-18 var ekki greidd á reikningsárinu 2018-19 og stendur því enn sem skuld í efnahagsreikningi eða 23.500 krónur.

Eftir yfirferðina opnaði fundarstjóri fyrir spurningar úr sal. Þar kom fram að færri félagsgjöld höfðu verið greidd, en félagsgjöld voru greidd fyrir þar sem uppgjörstímabilinu var breytt. Reikningsárið er núna frá 1. ágúst og lýkur 31. júlí. Hagnaður ársins í heild rúmlega 154 þúsund, en tap árið á undan. Stefnan er þó að reka félagið nærri núlli ár hvert. Eigið fé í lok reikningsárs rúm var 464 þúsund. Hagnaðurinn verður notaður í árshátíð sem verður haldin 2. nóvember. Gjaldkeri tekur fram að skoðunarmenn reikninga hafi farið yfir ársreikninginn og veitt samþykki sitt.

Fundarstjóri ber upp reikninga til samþykktar. Ársreikningarnir voru samþykktir einróma.

Breytingar á samþykktum FÁSES.

Fundarstjóri segir frá því að samkvæmt 12. gr. samþykktu FÁSES skulu allar tillögur að breytingum hafa borist stjórn eigi síðar en 10 dögum fyrir aðalfund. Engar tillögur bárust frá félagsmönnum, en stjórnin kom með breytingatillögur sjálf. Laufey og Ísak kynna þær þrjár breytingartillögur sem lagðar eru til á samþykktum FÁSES.

1. breytingartillaga: Samræming orðlags yfir meðlimi félagsins.

Lagt er til að orðinu „félagsmaður“ í viðeigandi falli í 1. mgr. 2. gr., 1. og 2. og 4. mgr. 3. gr., fyrirsögn 4. gr., 4. mgr. 4. gr., 1. og 2. mgr. 5. gr., 3. og 5. mgr. 6. gr., 7. gr., 1. mgr. 8. gr. og 13. gr. verði skipt út fyrir orðið „félagi“ í réttu falli.

Rökstuðningur: Í samþykktum FÁSES eru ýmiss konar orð notuð yfir meðlimi félagsins og mest áberandi er að ýmist er notað félagi í FÁSES eða félagsmaður í FÁSES. Til að samræma orðalag er lagt til að alls staðar verði vísað til félaga í stað félagsmanna.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

2. breytingartillaga: Tilvísanir til stjórnar lagfærðar.

Lagt er til að orðinu „aðalmenn“ í viðeigandi falli í 6. gr. verði skipt út fyrir orðið „aðalfulltrúi“ í réttu falli.

Lagt er til að orðinu „varamenn“ í viðeigandi falli í 6. gr. verði skipt út fyrir orðið „varafulltrúi“ í réttu falli.

Lagt er til að orðinu „skoðunarmenn“ í viðeigandi falli í 7., 8. 10. og 11. gr. verði skipt út fyrir orðið „skoðunarfulltrúi“ í réttu falli.

Rökstuðningur: Lagt er til að afnema kyngreind hugtök yfir stjórnarfulltrúa FÁSES. Í stað þess að vísað sé til aðalmanna, varamanna og skoðunarmanna verði vísað til aðalfulltrúa, varafulltrúa og skoðunarfulltrúa.

Tillagan var samþykkt samhljóða

3. breytingartillaga: Skýrt að stjórn boði til aðalfundar.

1. mgr. 8. gr. samþykktu FÁSES er svohljóðandi: „Aðalfundur félagsins skal haldinn að hausti ár hvert þó eigi síðar en 15. október. Aðalfundur skal boðaður með tölvupósti til félagsmanna, á heimasíðu félagsins eða með almennum pósti með að minnsta kosti 14 daga fyrirvara. Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað samkvæmt samþykktum þessum. Gögn sem leggja á fyrir fundinn skulu berast félagsmönnum eigi síðar en 5 dögum fyrir aðalfund.“

orðist svo:

„Aðalfundur félagsins skal haldinn að hausti ár hvert þó eigi síðar en 15. október. Stjórn skal boða til aðalfundar með að minnsta kosti 14 daga fyrirvara. Boðað skal til fundarins með tölvupósti til félagsmanna, á heimasíðu félagsins eða með almennum pósti. Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað samkvæmt samþykktum þessum. Gögn sem leggja á fyrir fundinn skulu berast félagsmönnum eigi síðar en 5 dögum fyrir aðalfund.“

Rökstuðningur: Í samþykktum FÁSES er ekki tekið fram hver skuli boða aðalfund. Lagt er til að orðalag 1. mgr. 8. gr. samþykktanna verði umorðuð svo skýrt sé að stjórn FÁSES boði til fundarins.

Gísli Ólason Kærnested spurði hvort það yrði ekki örugglega vísað til félaga í stað félagsmanna í 1. mgr. 8. gr. samþykktanna í samræmi við 1. breytingartillögu. Laufey svaraði að það yrði gert.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Kosning til stjórnar.

Fundarstjóri greinir frá því að á þessum fundi verði kjörið í eftirfarandi embætti

Formaður - kjör til tveggja ára.

Ritari - kjör til tveggja ára.

1. varafulltrúi – kjör til eins árs.

2. varafulltrúi – kjör til eins árs.

Þá fer fundarstjóri yfir þau framboð sem hafa borist í formann og ritara félagsins:

Formaður: Flosi Jón Ófeigsson

Ritari: Laufey Helga Guðmundsdóttir

Þá kallar fundarstjóri eftir fleiri framboðum. Engin mótframboð bárust. Flosi og Laufey voru því réttkjörin í stjórn FÁSES. Laufey þakkaði traustið fyrir þeirra hönd.

Þá fer fundarstjóri yfir þau framboð sem hafa borist í varastjórn:

Varafulltrúar í stjórn: Eyrún Ellý Valsdóttir, Konráð Valsson og Steinunn Björk Bragadóttir.

Þá kallar fundarstjóri eftir fleiri framboðum. Fleiri framboð komu ekki fram. Fundarstjóri óskaði eftir tveimur sjálfboðaliðum til að telja atkvæði og buðu Kristján J. Pétursson og Kristín H. Kristjánsdóttir sig fram.

Gísli Ólason Kærnested kom með þá tillögu að frambjóðendur kynntu sig. Í framhaldinu kynntu frambjóðendur sig stuttlega.

Niðurstaða kosningarinnar var sú að Eyrún Ellý Valsdóttir og Steinunn Björk Bragadóttir fengu flest atkvæði og eru þær réttkjörnar í varastjórn FÁSES.

Kosning félagslegra skoðunarmanna.

Kosið er um tvo skoðunarmenn reikninga til eins árs. Fundarstjóri kallar eftir framboðum. Laufey Helga Guðmundsdóttir segir að Daníel E. Arnarsson hafi boðið sig fram áður en aðalfundurinn hófst. Eva Dögg Benediktsdóttir bauð sig einnig fram. Ekki komu fleiri framboð fram og lýsti fundarstjóri því yfir að Daníel og Eva Dögg væru réttkjörin félagslegir skoðunarfólk FÁSES.

Tillaga að viðmiðum um inngöngu útlendinga í FÁSES.

Á aðalfundi FÁSES 2018 var ákveðið að breyta samþykktum FÁSES þannig að aðildarumsóknir einstaklinga sem ekki hafa íslenska kennitölu skuli teknar fyrir og samþykktar

á aðalfundi. Aðalrökin fyrir breytingunni var að koma í veg fyrir svokallaðan „miðatúrisma“ þar sem fólk sækir um aðild að mörgum OGAE klúbbum til að kaupa sem flesta aðdáendapakka á aðalkeppni Eurovision. Rökin voru einnig þau að aðdáendaklúbbar OGAE eru nú 45 talsins svo líkur eru á því að allir sem vilja hafi aðgang að klúbbi í sínu heimalandi. Sé ekki starfræktur OGAE klúbbur í því landi sem viðkomandi býr í er hægt að sækja um aðild að OGAE Rest of the World.

Á aðalfundinum 2018 var samhliða samþykkt að stjórn FÁSES skyldi setja fram viðmið um inngöngu einstaklinga sem ekki hafa íslenska kennitölu, þ.e. setti fram einhver sjónarmið um hvernig lagt yrði mat á aðildarumsóknir útlendinga sem teknar væru fyrir á aðalfundum FÁSES í framtíðinni.

Á aðalfundi 2019 lagði stjórn FÁSES fram eftirtalin viðmið um inngöngu útlendinga í FÁSES. Við yfirferð umsókna útlendinga um aðild að FÁSES ætti aðalfundur FÁSES að líta til eftirtalinna atriða:

- Hver tengsl viðkomandi eru við Eurovision á Íslandi, Söngvakeppnina og FÁSES. Ekki nægir að viðkomandi þekki FÁSES-liða og best er ef viðkomandi styður fullyrðingar sínar gögnum.
- Hvort viðkomandi hafi sótt eða muni í framtíðinni sækja viðburði á vegum FÁSES og/eða Söngvakeppnina.
- Af hverju viðkomandi óskar ekki eftir, eða getur ekki, verið meðlimur í OGAE klúbbi í landi þar sem hann býr eða OGAE Rest of the World.

Stjórn lagði til að á aðalfundum yrðu aðildarumsóknir útlendinga teknar hver fyrir sig, kynntar og atkvæði greidd um þær sérstaklega. Lagt var til að þessar ákvarðanir teknar á aðalfundi yrðu ekki rökstuddar sérstaklega.

Fundarstjóri bauð Laufeyju Helgu Guðmundsdóttur í pontu til að útskýra tillöguna. Að yfirferð lokinni þakkaði fundarstjóri Laufeyju fyrir og opnaði fyrir umræður.

Konráð Valson spurði um hvaða reglur giltu hjá öðrum klúbbum. Laufey útskýrði að tillagan væri að breskri fyrirmynd. Þessar reglur giltu ekki afturvirk, þeir erlendu félagar sem eru meðlimir í dag geta verið í félaginu áfram. Laufey sagði að í flestum löndum væri aðild að klúbbunum opin fyrir ríkisborgara og þá sem búa í viðkomandi ríki. Ástríður M. Eymundsdóttir og Bryndís Baldvinsdóttir gerðu athugasemdir við fyrsta atriðið og að greinargóður rökstuðningur ætti að fylgja með aðildarumsókn af hverju fólk sækti um aðild að FÁSES. Einnig að þriðja atriðið ætti að vera talið upp fyrst og þá skýrt strax af hverju viðkomandi væri ekki í öðrum klúbbi. Ísak skýrði út hvernig þetta væru viðmið og að hver og einn félagsmaður yrði að gera upp við sig hvernig hann greiddi atkvæði.

Fundarstjóri bar fyrst upp þá tillögu að þriðja atriðið ætti að koma fyrst. Fundarmenn samþykktu það einróma. Fundarstjóri bar síðan upp þá tillögurnar í heild sinni, með breyttu orðalagi fyrsta atriðisins. Var tillagan samþykkt einróma og lítur þá út svona í lokaútgáfu:

- Af hverju viðkomandi óskar ekki eftir, eða getur ekki, verið meðlimur í OGAE klúbbi í landi þar sem hann býr eða OGAE Rest of the World.
- Hver tengsl viðkomandi eru við Eurovision á Íslandi, Söngvakeppnina og FÁSES. Greinargóður rökstuðningur ætti að fylgja.
- Hvort viðkomandi hafi sótt eða muni í framtíðinni sækja viðburði á vegum FÁSES og/eða Söngvakeppnina.

Aðildarumsókn skv. 3. málsl. 1. mgr. 3. gr. samþykkt FÁSES.

Fundarstjóri kynnir aðildarumsókn frá einstaklingi sem ekki hefur íslenska kennitölu en hún kemur frá Mark Beatson sem býr í London. Fundarstjóri las upp umsókn Mark en henni var

einnig dreift til fundargesta. Svör Mark við viðmiðum, sbr. dagskrárlið hér á undan, voru einnig lesin upp. Að yfirferð lokinni er opnað fyrir umræður. Enginn kvað sér hljóðs.

Fundarstjóri bar aðildarumsóknin upp til samþykktar. 12 félagar kusu með aðildarumsókninni, einn kaus gegn henni og þrír sátu hjá. Aðildarumsókn Mark Beatson í FÁSES var því samþykkt.

Önnur mál.

Fundarstjóri opnaði fyrir önnur mál og stýrði umræðum þar undir.

Gísli Ólason Kærnested minnti á árshátíð FÁSES sem haldinn verður 2. nóvember 2019 í sal Icelandair í Síðumúla. Gísli hvatti fólk til að mæta.

Guðmundur Már Ingimarsson spurði hvort vitað væri hversu marga aðdáendapakka FÁSES fengi úthlutaða. Laufey sagði að það væri ekki vitað en algjört forgangsatriði væri að fá miðaverðið lækkað. Það komast fleiri áhorfendur í höllina í Rotterdam og því fær FÁSES vonandi fleiri miða.

Einnig var spurt um félagsskírteinaappið Cardskipper. Ísak svaraði og sagði félagsskírteini OGAE International orðin miðlæg og miklu þægilegri í notkun, t.d. er hægt að senda félögum skilaboð í gegnum appið og auðvelt að framvísa skírteininu með því að opna símann. Bent á að sumir félagsmenn eru enn merktir með útrunna aðild í appinu en það tekur oft smá tíma að uppfæra félagalistann hjá OGAE International.

Gísli Ólason Kærnested og Eva Dögg Benediktsdóttir yfirgefa stjórn FÁSES eftir þennan fund og var þeim þakkað fyrir góð störf með lófaklappi.

Fundi var slitið kl. 16:20. Fundarstjóri endaði fundinn á því að minnast Haraldar Reynissonar. Eftir aðalfundinn horfðu FÁSES-liðar saman á Eurovisionkeppnina frá 1990.